



## Greiðslur Sveitarfélagsins Skagafjarðar

### vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna.

Sveitarfélagið Skagafjörður greiðir fyrir þjónustu stuðningsfjölskyldu sem veitt er á grundvelli laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir fyrir hvern sólarhring sem barnið dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og umönnunarþörf. Þær styðjast við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð nr. 504/1997, með síðari breytingum, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.

Sveitarfélagið greiðir fyrir þjónustu stuðningsfjölskyldu sem veittar eru á grundvelli barnaverndarlaga skv. 2.fl. umönnunarmats frá Tryggingarstofnun ríkisins.

Sveitarfélagið greiðir fyrir þjónustu stuðningsfjölskyldu sem veittar eru á grundvelli félagsþjónustulaga skv. 3.fl. umönnunarmats frá Tryggingarstofnun ríkisins.

#### **Fjárhæð greiðslna frá og með 1. janúar 2022 er sem hér segir:**

- 1. fl.: Börn sem eru algerlega háð öðrum með athafnir daglegs lífs.  
Greiddar eru kr. 23.400 fyrir hvern sólarhring.
- 2. fl.: Börn sem þurfa verulega aðstoð við athafnir daglegs lífs og gæslu.  
Greiddar eru kr. 20.800 fyrir hvern sólarhring.
- 3. fl.: Börn sem þurfa minni aðstoð en skv. 1. og 2. fl. en þurfa eftirlit við athafnir daglegs lífs.  
Greiddar eru kr. 18.700 fyrir hvern sólarhring.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra.